

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Reykjavík, 29. mars 2022

Efni: Helgafellsland 1, afmörkun lóðar um íbúðarhús.

Til Landslaga hafa leitað Erna Jónsdóttir, kt. 060765-3249, og Kristján Þór Valdimarsson, kt. 110455-4379, og forsvarsmenn hlutafélagsins Jóns Sverris Níelssonar hf., kt. 4305024330.


Erna og Kristján eru eigendur hluta af Helgafellslandi 1 í Mosfellsbæ, landeignarnúmer L199954, fasteignanúmer F2081991. Þau eru jafnframt eigendur íbúðarhúss sem á spildunni stendur, með fastanúmerið 208-1991. Á umræddri landsspildu stendur einnig Alifuglahús með fasteignanúmerið F2081990. Eigandi þess og spildunnar að öðru leyti er hlutafélagið Jón Sverrir Níelsson hf.

Í samræmi við meðfylgjandi umsókn óska eigendur landsins eftir því að úr Helgafellslandi 1 í Mosfellsbæ, landeignarnúmer L199954, fasteignanúmer F2081991, verð skipt einni lóð í kringum íbúðarhúsið sem á landinu stendur að stærð 858fm. Erna og Kristján Þór rita undir fyrir eigin hönd og Kristján Þór sem stjórnarformaður Jóns Sverris Níelssonar hf. og Sigurgeir Guðjónsson sem framkvæmdastjóri Jóns Sverris Níelssonar hf.

Fyrir hönd umbjóðenda minna er staðfest er að sala húss á hinni nýju lóð eða meðhöndlun lóðar mun ekki hafa áhrif á samning uppbyggingar frá 2017. Jafnframt að við stofnun lóðar verður þinglýst kvöð þar sem fjallað verði um að aðkoma lóðar geti breyst með gerð deiliskipulags í framtíðinni og að án deiliskipulags fylgja lóð engin frekari uppbyggingaráform eða verulegar breytingar eignar frá því sem fyrir er.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
Landslög – lögfræðistofa



Ívar Pálsson lögmaður

Meðfylgjandi:

- Umsókn um stofnun lóðar, dags. 8. feb. 2022.
- Uppdráttur sem sýnir hina nýju lóð.